

Skipulag

Fundarboðandi:	Viktor S. Pálsson	Fundarstaður:	Fjarfundur (Teams)
Fundarstjóri:	Þorvaldur Þórðarson	Dagsetning:	23. október 2024
Fundarritari:	Viktor S. Pálsson	Fundartími:	13:00 – 15:00

Þátttakendur: Þorvaldur Þórðarson (yfirdýralæknir, formaður fagráðs), Rósa Líf Darradóttir (f.h. Dýraverndunarsambands Íslands), Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands), Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ) og Hilmar Vilberg Guðjónsson (f.h. Bændasamtaka Íslands).

Dagskrá

1. Blóðmerahald.

Guðrún Scheving Thorsteinsson og Jón Scheving Thorsteinsson komu á fund fagráðsins til að kynna og svara spurningum varðandi sjónarmið fundargesta til velferðar fylfullra hryssa sem notuð eru við blóðmerahald, þ.m.t. gagnrýni þeirra á skýrslu Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræðum að Keldum – Áhrif vikulegrar blóðsöfnunar á blóðhag hjá hryssum sem kynnt var fyrir fagráðinu þann 12. júní sl.

Fagráðið telur rétt að á starfsleyfistíma núverandi leyfis sé fyrirkomulag til staðar við starfsemina sem tryggir að blóð verði ekki tekið úr hryssum sem hafi óeðlilega lág blóðgildi. Þá hvetur fagráðið til að gerðar verði áframhaldandi rannsóknir á þessu sviði og safnað verði fleiri sýnum til að meta áhrif blóðtöku á velferð hryssa.

2. Umsóknir um leyfi til tilrauna á dýrum:

a. Evaluation of a novel naturally intact and purified Kelp product compared to industry standards in a Porcine (*Sus scrofa*) wound model.

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna notagildi vara sem að þróaðar eru úr náttúrulegum og endurnýjanlegum efnum til að bæta gróanda og vefja uppbyggingu í kjölfar mjúkvæfjaskaða.

Fyrir fundinum lá mat Þorvaldar Þórðarsonar á umsókninni.

Fagráðið frestar að taka afstöðu til tilraunarinnar og óskar eftir kynningu frá umsækjanda um tilraunina, hvort um sé að ræða nýtt virkt efni, hvort og það hvaða forrannsóknir hafi verið gerðar og hvaða ávinning er fyrirhugað vöru (þara) umfram aðrar vörur á markaði.

3. Meðferð sauðfjár í rekstrum og réttum.

Málinu frestað til næsta fundar, en verður unnið af nefndarmönnum í millitíðinni.

4. Afdrif kálfa við hreindýraveiðar.

Upplýst var að leitað hefði verið eftir afstöðu Umhverfisstofnunar og Náttúrustofu Austurlands á hverju sé byggt þegar veiðitímabil er ákveðið fyrir a) kúr sem kálfar ganga undir og b) tarfa og geldar kúr.

Svör höfðu ekki borist fyrir fundinn og er málinu frestað til næsta fundar.

5. Vinnureglur Fagráðs um velferð dýra.

Ákveðið að halda sérstakan fund til að ljúka gerð vinnureglna fyrir ráðið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 14:50. Næsti reglulegi fundur Fagráðs um velferð dýra verður miðvikudaginn 20. nóvember 2024 kl. 13:00 - 15:00.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.